

Sælgætisgerð	3. - 4. fl.
Öl-, gos- og svaladrykkjagerð	4. - 5. fl.
Kaffibrennsla	5. fl.
Smjörlíkisgerðir	5. fl.
Kartöfluvinnsla	4. - 5. fl.
Kartöflumjöls- og sterkjuframleiðsla	5. fl.
Lauksteiking	4. fl.
Mör- og tólframleiðsla	4. fl.
Kæli- og frystigeymslur	4. - 5. fl.
Grænmetisframleiðsla, vinnsla, pökkun og geymsla.	3. - 4. fl.
Annar sambærilegur rekstur, flokkun eftir umfangi.	

**B. Þjónusta.**

Sólbaðstofur	3. - 4. fl.
Hárgreiðslu- og rakarastofur	2. - 3. fl.
Snyrtistofur	3. - 5. fl.
Sundlaugar	3. - 5. fl.
Leiktækjasalir	3. fl.
Gufubaðstofur	3. fl.
Læknastofur	3. fl.
Tannlæknastofur	3. fl.
Félagsheimili sem ekki eru með samfelldan veitingarekstur.	3. fl.
Sumarbúðir	3. - 5. fl.
Heilsuræktarstöðvar	3. fl.

**F. Opinberir aðilar**

Skólar	3. fl.
Íþróttahús	4. fl.
Kirkjur með safnaðarheimili	2. fl.
Sjúkrahús	4. fl.
Heilsugæslustöðvar	4. fl.
Dvalarheimili aldraðra	4. fl.
Dagvistun barna	3. fl.
Vistheimili	4. fl.
Meðferðarheimili	4. fl.
Fangelsi	6. fl.

Annar sambærilegur rekstur, flokkun eftir umfangi.

**AUGLÝSING**

**um starfssvið og verkaskiptingu sjúkrahúsa  
á höfuðborgarsvæðinu.**

1. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur ákveðið að starfssvið og verkaskipting Ríkisspítala, Borgarspítala, St. Jósefsspítala Landakoti og St. Jósefsspítala í Hafnarfirði verði sem segir í auglýsingu þessari.

Verkaskiptingin nær til sjálfstæðrar starfsemi en ekki einstakra verka.

## 2. gr.

Eftirtalin starfsemi skal vera á einum spítala í Reykjavík.

- |   |   |
|---|---|
| <p>A. Á Ríkisspítölum:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Barnageðdeild,</li> <li>2. barnaskurðeild,</li> <li>3. blóðbanki,</li> <li>4. blóðskilunardeild,</li> <li>5. fæðingardeild,</li> <li>6. geislalækningadeild,</li> <li>7. glasaftrjóvgunardeild,</li> <li>8. hjartaskurðeild,</li> <li>9. krabbameinsdeild,</li> <li>10. krabbameinslækningar barna,</li> <li>11. kvensjúkdómadeild,</li> <li>12. nýburadeild,</li> <li>13. ónæmisfræði,</li> <li>14. meinvefjafræði,</li> <li>15. sýklafræði,</li> <li>16. veirufræði,</li> <li>17. augndeild (sjá ákvæði til bráðabirgða).</li> </ol> | <p>B. Á Borgarspítala:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Háls-, nef- og eyrnadeild,</li> <li>2. handarskurðeild,</li> <li>3. heila- og taugaskurðeild,</li> <li>4. slysadeild.</li> </ol> <p>C. Á St. Jósefsspítala Landakoti:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Augndeild (sjá ákvæði til bráðabirgða).</li> </ol> |
|---|---|

## 3. gr.

Eftirtalin starfsemi skal vera á Ríkisspítölum og Borgarspítala án stærðarmats:

- |   |   |
|---|---|
| <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Almennar lyflækningar,</li> <li>2. almennar skurðlækningar,</li> <li>3. blóðsjúkdómalækningar,</li> <li>4. endurhæfingarlækningar,</li> <li>5. hjartalækningar,</li> <li>6. lýtalækningar,</li> </ol> | <ol style="list-style-type: none"> <li>7. meltingarlækningar,</li> <li>8. smitsjúkdómalækningar,</li> <li>9. taugalækningar,</li> <li>10. þvagfæralækningar,</li> <li>11. æðaskurðlækningar,</li> <li>12. öldrunarlækningar.</li> </ol> |
|---|---|

## 4. gr.

Eftirtalin starfsemi skal vera að stærri hluta á einum spítala í Reykjavík:

- |   |  |
|---|--|
| <p>A. Á Ríkisspítölum:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Barnalækningar,</li> <li>2. brjóstholsskurðlækningar,</li> <li>3. geðlækningar,</li> <li>4. innkirtlalækningar,</li> <li>5. lungnalækningar,</li> <li>6. nýrnalækningar,</li> <li>7. gigtlækningar.</li> </ol> | <p>B. Á Borgarspítala:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Bæklunarlækningar.</li> </ol> |
|---|--|

## 5. gr.

St. Jósefsspítali í Hafnarfirði skal vera sérgreinasjúkrahús með:

1. lyflækningadeild, einkum fyrir heilsugæsluumdæmi Hafnarfjarðar og Garðabæjar,
2. handlækningadeild með áherslu á valaðgerðir í:

- a) Almennum skurólækningum,
- b) bæklunarlækningum,
- c) háls-, nef- og eyrnalækningum,
- d) kvensjúkdómalækningum,
- e) lýtalækningum.

## 6. gr.

Barnalækningar samkvæmt 4. grein skulu vera að stærri hluta á Ríkisspítöllum. Barnadeild skal opnuð á Borgarspítala með legurúmum auk göngudeildaraðstöðu. Samtímis verði lögð niður barnadeild St. Jósefsspítala Landakoti.

Með tilkomu nýs barnaspítala á Landspítalalóð skal fara fram endurmat á sérhæfðri þjónustu við börn og samvinnu barnadeildar Borgarspítalans og barnaspítalans. Hinn nýji barnaspítali skal verða miðstöð barnalækninga.

## 7. gr.

Almennum bráðavöktum skal skipt jafnt milli Ríkisspítala og Borgarspítala.

Í geðlækningum skulu  $\frac{2}{5}$  vakta vera á Borgarspítala, en  $\frac{3}{5}$  á Ríkisspítöllum.

Þegar barnadeild hefur formlega tekið til starfa á Borgarspítala skal vöktum þannig skipt í barnalækningum að  $\frac{1}{4}$  vakta verði á Borgarspítala en  $\frac{3}{4}$  á Ríkisspítöllum.

## 8. gr.

Óski sjúkrahús eftir breytingum á starfssviði eða verkaskiptingu skv. auglýsingu þessari, skal stjórn þess sækja um breytingu til heilbrigðisráðherra með ítarlegum rökstuðningi. Sama gildir ef sjúkrahús óskar eftir að taka upp nýja starfsemi sem ekki er kveðið á um í auglýsingu þessari.

Sjúkrahús á höfuðborgarsvæðinu skulu auka samvinnu sín á milli, þróa sérgreinar og taka upp nýjungar eftir því sem hagkvæmast er hverju sinni.

## 9. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 24. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 með síðari breytingum og öðlast gildi 1. maí 1994.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra heimilar Borgarspítala og St. Jósefsspítala, Landakoti að þróa áfram samstarf og samvinnu með fyrirhugaða sameiningu fyrir augum.

Tekur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið á síðari stigum sameiningarvinnunnar ákvörðun um frekari nýtingu húsnæðis St. Jósefsspítala í samráði við hlutaðeigandi aðila (Borgarspítala/Landakots) og í samræmi við ofangreinda þróun.

Hagkvæmniathugun, sem taki til sjúkrahúsa á höfuðborgarsvæðinu, fari fram.

Augndeild skal fyrst um sinn starfrækt á St. Jósefsspítala Landakoti, en flytjast á Landspítala þegar aðstaða skapast þar.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. apríl 1994.*

**Guðmundur Árni Stefánsson.**

*Guðjón Magnússon.*